

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1983

21. mars 1983

25

Nr. 16

LÖG

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 10 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 39/1982, um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Gjört að Bessastöðum, 21. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L.S.)

Ingvar Gíslason.

23. mars 1983

Nr. 17

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ásberg, Berne Gunnar, nemi í Reykjavík, f. 5. apríl 1955 í Svíþjóð.
2. Bache, Mary Suzanne, kennari í Reykjavík, f. 6. júlí 1947 í Englandi.
3. Baran, Tadeusz, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 5. maí 1948 í Póllandi. Fær réttinn 27. ágúst 1983.
4. Blanco, Hugo Roberto, nemi í Reykjavík, f. 16. maí 1953 í Argentínu.
5. Cates, James Michael, verkamaður í Hafnarfirði, f. 29. mars 1964 á Íslandi.
6. Ericson, Sandra May, húsmóðir á Dalvík, f. 29. nóvember 1953 í Bandaríkjunum.
7. Eriksen, Liv Synnøve, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. 7. febrúar 1935 í Noregi.
8. Fernandez, Danièle, kennari í Reykjavík, f. 5. apríl 1950 í Marokkó.